Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
14. október 2010
41. tbl. · 27. árg.



Horfin þjónusta kemur ekki aftur

„Jafnvel þótt skurð-, slysa- og göngudeild, rannsókn, röntgen, fæðingadeild og endurhæfingardeild yrðu lagðar niður með öllu, myndi enn vanta upp á til að ná þeim niðurskurði sem hefur verið boðaður. Að sama skapi gætum við ekki fyllt upp í töluna, þó öllum læknum og hjúkrunarfræðingum stofnunarinnar væri sagt upp á einu bretti," segir Hörður Högnason, framkvæmdastjóra hjúkrunar, hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, í miðopnu um boðaðan niðurskurð hjá stofnunni.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði.

Gæti þurft að fækka 40 stöðugildum

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða er gert að skera niður rekstur um ríflega 18%. „Okkur er gert að skera sjúkrasviðið niður um helming, sem þýðir að við verðum ekki sjálfbjarga um hlutina eins og við höfum verið," segir Þröstur Óskarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða í samtali við mbl.is. Niðurskurðurinn gæti þýtt að stöðugildum fækkaði um fjörutíu. Fjöldi starfsmanna er hins vegar meiri, þar sem ekki eru allir í fullri vinnu. Samhliða niðurskurði á heilbrigðisstofnunum er ætlunin að efla heilsugæsluna.

Starfsemi heilbrigðisstofnana breytist þannig í „heilsugæslusjúkrahús", sem veiti almenna grunnþjónustu. Hinn eiginlegi bráðaþjónustuþáttur, meðhöndlun bráðra alvarlegra sjúkdóma og slysa, fellur hins vegar að mestu leyti út, en til mótvægis verða sjúkraflutningar efldir. Framlag til heimahjúkrunar verður aukið, og sálfélagsleg aðstoð við ungt fólk efld.

Þröstur, segir fyrirhugaðar breytingar og aukna áherslu á sjúkraflug líklegar til að auka óöryggi sjúklinga og íbúa svæðisins sem stofnunin þjónar. „Við erum þannig í sveit sett að við getum ekki treyst sjúkraflugi hvenær sem er."

Mikil óánægja er meðal forsvarsmanna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni vegna hins mikla niðurskurðar sem boðaður er í fjárlögum. Skera á útgjöld heilbrigðisráðuneytisins niður um 5%, en það hlutfall er í takt við það viðmið sem gefið hafði verið út um niðurskurð. Framlög til heilbrigðisstofnana dragast hins vegar saman um 19,6% sé miðað við fjárlög ársins í ár.

„Niðurskurðurinn er þannig úr takti við fyrirheit, og sú undirbúningsvinna sem víða hefur farið fram að mörgu leyti unnin fyrir gíg. Ekkert samráð var haft við forsvarsmenn stofnananna, en þeim hins vegar kynnt fjárlögin degi áður en þau voru gerð opinber. Viðmælendur blaðsins voru á einu máli um það, miðað við reynslu síðustu ára, að ekki væri mikil von til þess að frumvarpið breyttist í meðförum þingsins, þrátt fyrir mikla óánægju," segir á mbl.is þar sem greint er frá þessu.

– thelma@bb.is

Bandarískir fjárfestar hættu við

Birgir Viðar Halldórsson, framkvæmdastjóri Lindarfoss ehf, segir að fyrirtækið hafi verið með bandaríska fjárfesta en þeir hafi hætt við þegar hrunið skall á. „Þeim var einfaldlega ráðlagt að koma ekki nálægt Íslandi í allavega tólf mánuði," segir Birgir í samtali við Smuguna. Eins og fram hefur komið hefur fyrirtækið óskað eftir að fá framlengingu en samningur milli þess og Ísafjarðarbæjar um einkanýtingarétt útflutningi á vatni frá Ísafjarðarbæ rann út í voru þar sem engin vinnsla er hafin og ekkert vatn hefur verið selt úr landi. Með samningnum skuldbindur Ísafjarðarbær sig til að fara ekki í beina samkeppni við fyrirtækið, eða stuðla að því að þriðji aðili hefji slíka starfsemi í sveitarfélaginu.

Þá er Lindarfossi ehf, tryggður einkanýtingaréttur á vatni úr Vestfjarðagöngum og umframbirgðum úr veitum bæjarins sem ekki eru nýttar til grunnþjónustu. Reynist fyrirtækinu þörf á vatni umfram afkastagetu núverandi lagnakerfis getur það krafið Ísafjarðarbæ um lagningu vatnslagnar frá Vestfjarðagöngum að vatnsdælustöð eða áttöppunarverksmiðju fyrirtækisins. Lindarfoss ehf. skal greiða kostnað vegna þess, en Ísafjarðarbær leitar tilboða í samráði við fyrirtækið.

Lindarfoss ehf. greiðir ekki sérstakar rentur fyrir einkanýtingaréttinn. En samkvæmt samningnum skal fyrirtækið greiða 0.25 Bandaríkjadala eða 28 krónur á núverandi gengi, fyrir hvert tonn af vatni úr veitum bæjarfélagsins. Fyrirtækið greiðir samkvæmt samningnum 0.10 Bandaríkjadali eða tæpar 12 krónur á tonnið af vatni úr Vestfjarðagöngum. Verðið er tengt við vísitölu neysluverðs í Bandaríkjunum.

Birgir Viðar svaraði því játandi í samtali við Smuguna að fyrirtækið greiði ekkert fyrir einkanýtingaréttinn, aðeins fyrir notkun. Hann sagði einkaréttinn ekki endilega vera nauðsynlegan fyrir vinnslu en máli skipti að fá fjárfesta inn í verkefnið. Samningurinn auðveldi slíkt. „Það er nógu erfitt að fá fjárfesta eins og ástandið er í dag. Hann er til að laða fjárfesta að." Lindarfoss ehf, er heimilt að framselja og framleigja samninginn til þriðja aðila.

Lindarfoss ehf, er skráð með lögheimili að Beykihlíð 8, en þar eru fjölmörg fyrirtæki skráð með heiti sem vísar til vatnsvinnslu eða sölu á vatni. Fjögur fyrirtæki; Lindarfoss ehf, Glacier energy ehf, Life Source ehf og Volcano drinks ehf, starfa samkvæmt skráningu við „framleiðsla á gosdrykkjum, ölkelduvatni og öðru átöppuðu vatni." Birgir gaf lítið fyrir spurningar blaðamans um hvers vegna svo mörg fyrirtæki í vatnsvinnslu væru skráð á sama heimilisfang. „Þetta eru bara einkafyrirtæki og mitt mál. Ég skil ekki hvert þú ert að fara með þessu," sagði hann. Birgir vildi ekki tjá sig um hvort fyrirtæki honum tengd væru í samningaumleitunum eða hefðu tryggt sér álíka samning við önnur sveitarfélög á undanförnum árum.

– thelma@bb.is

Reiðubúnir til samstarfs við Lindarfoss

Ísafjarðarbær er reiðubúinn til áframhaldandi samstarfs við Lindarfoss ehf., um vatnsútflutning úr Skutulsfirði. Þetta kemur fram í bókunum bæði minni- og meirihluta bæjarstjórnar. „Í-listinn telur að slíkt samstarf skuli ekki fela í sér einkarétt á vatni til útflutnings og ennfremur, að samningar til lengri tíma en 25 ára komi ekki til greina," sagði í ályktun Í-listans þar sem jafnframt var lýst yfir vilja að halda samstarfinu áfram.

Meirihluti lagði þá fram bókun og tók þar undir þau sjónarmið sem fram komu í bókun Í-lista." Lindarfoss hafði óskað eftir því að Ísafjarðarbær framlengdi samning, sem undirritaður var árið 2008 og féll úr gildi í vor, um hagnýtingu og sölu á vatni frá vatnslindum í eigu sveitarfélagsins.

Í bréfi Lindarfoss til bæjaryfirvalda kemur fram að fyrirtækið hefur gert sölusamning við evrópskt fyrirtæki sem m.a. hefur selt vatn til fjarlægra landa. Fyrirtækið ráðgerir að auka sölu á vatni og afla vatns frá nýjum aðilum, þar á meðal frá Lindarfossi. Vonast er til að um sé að ræða sölu sem gæti hafist snemma á næsta ári. Gangi það eftir má búast við töluverðum vatnsútflutningi, hugsanlega frá Ísafirði.

Í bréfinu segir að ötullega hafi verið unnið að því að finna kaupendur að vatni í miklum mæli frá Íslandi. Í bréfinu segir ennfremur að fyrirtækið geti ekki haldið áfram verkefnum sínum nema tryggt sé að það hafi nauðsynlegan vatnsöflunarsamning og helst vilji það halda áfram samstarfi við Ísafjarðarbæ.

– thelma@bb.is

Samkaup úrval góðir grannar

...sjá fleiri sparnaðartilboð á samkaupurval.is

Sparnaðartilboð helgarinnar **14. - 17. október**

30% afsláttur

~~1.845~~

1.596 kr./kg

Lambalærissneiðar 1.fl.

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

30% afsláttur

~~2.098~~

1.469 kr./kg

Hunangs grísakótilettur

léttreyktar frá Goða

Svínalundir á 40% afslætti

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

1.485 kr/kg

verð áður 2.475 kr.

Beikonvafðar svínalundir með bökuðum eplum

...sjá uppskrift á samkaupurval.is

30% afsláttur

~~1.898~~

1.329 kr./kg

Bayonneskinka

frá Kjötseli

Ananas á 50% afslætti

~~349~~

175 kr/stk

Ferskur heill ananas, safarík hollusta!

"Ananassalat með ristuðum kókosflögum og rommi"...sjá uppskrift

30% afsláttur

~~274~~ **199** kr./kg

~~427~~ **299** kr./kg

Lambalifur og hjörtu

fersk frá Kjötseli

199 kr/stk Salsasósa 300g

195 kr/stk Tacosósa 230g

298 kr/pk Jalapenopipar 220g

Coop Mexico – gæði og gott verð!

1.599 kr./kg

Kalkúnagrillsneiðar

grillpoki frá Ísfugli

279 kr/pk Tacoskeljar 135g

289 kr/pk Tortillavefjur 8 stk

199 kr/pk Tortillaflögur 150g

...einstök þjónusta **í góðum verslunum**

á Akureyri, Blönduósi, Bolungarvík, Borgarnesi, Dalvík, Egilsstöðum, Grundarfirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Neskaupstað, Ólafsfirði, Selfossi, Siglufirði og Skagaströnd

P&Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

Mikil stemmning á konukvöldi

Mikil stemmning var á árlegu konukvöldi veitingastaðarins Við Pollinn á Ísafirði á laugardagskvöld. Uppselt var á konukvöldið og létu konurnar vel að skemmtuninni. Boðið var upp á þriggja rétta kvöldverð og ýmis skemmtiatriði. Meðal annars var boðið upp á tískusýningu frá Jóni og Gunnu, Monró, JOV, Konur og menn, Hafnarbúðinni og Núpi auk þess sem sýnd voru töskur og armbönd frá Fríðu Rúnarsdóttur. Veislustjórar voru Ólafur Halldórsson og Sveinbjörn Hjálmarsson og þóttu þeir fara á kostum. Þá var einnig boðið upp á kynning á hjálpartækjum ástarlífsins á meðan skemmtuninni stóð. Þess má geta að konukvöldið var venju stórt í sniðum í ár en í því tóku þátt fjölmörg fyrirtæki bæjarins, svo sem hárgreiðslustofur, snyrtistofur og fataverslanir.

1970 - 2010 TOYOTA Á ÍSLANDI

TOYOTA

Að smyrja eða ekki smyrja.
Það er smurningin.

ÍSLENSKA SÍA.IS/TOY 51013 10/09

Sértilboð á smurþjónustu í október

Það er sértilboð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota í október.

Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

Bílatangi Ísafirði
Suðurgata 9
400 Ísafjörður
sími: 456-4580

www.toyota.is

Today
Tomorrow
Toyota

Um 1300 manns sóttu fundinn.

Skýr skilaboð frá Vestfirðingum

Um 1300 manns sóttu borgarafund í íþróttahúsinu á Torfnesi þar sem fyrirhuguðum niðurskurði í heilbrigðisþjónustunni var mótmælt. „Mætingin fór fram úr björtustu vonum og það sýnir að þegar um 30% bæjarbúa hve mikill samhugur og samstaða hjá fólki í þessu máli, því er mjög misboðið. Sérstaklega á því hvað niðurskurðartillögurnar virðast vera vanhugsaðar og á þessu viðhorfi til svæðisins að það sé hægt að leggja hér allt af og halda það að Vestfirðingar standi ekki upp og láti ekki bjóða sér þetta," segir Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

„Skilaboðin komust til skila og það er ekki annað hægt að taka á því mark," segir Elías Jónatansson, bæjarstjóri Bolungarvíkur. „Ég held að sé ekki hægt að misskilja þau skilaboð sem komu fram á þessum fundi þau voru mjög eindregin," bætir Elías við.

Framsögumenn voru Albertína Elíasdóttir, Ómar Már Jónsson, Baldur Smári Einarsson, Jóna Benediktsdóttir, Þröstur Óskarsson framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar og Ólína Þorvarðardóttir alþingismaður. Þó nokkrir þingmenn Norðvesturkjördæmis sóttu fundinn og hétu stuðningi við að fá tillögurnar felldar úr í fjárlagafrumvarpinu. Þeir voru Ásbjörn Óttarsson, Ásmundur Daði Einarsson og Einar K. Guðfinnsson auk Ólínu. Fundarstjóri var Gísli H. Halldórsson, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. „Framsögurnar voru frábærar að mínu mati. Það virðist vera algjör heilhugur um það að láta þetta ekki gerast," segir Daníel.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundinum: „Borgarafundur haldinn í íþróttahúsinu á Torfnesi 7. október 2010 hafnar alfarið þeim stórfellda niðurskurði á heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum sem lagður er til í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Fundurinn krefst þess að fallið verði frá boðuðum niðurskurði á sjúkrasviði Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og tryggt verði að Vestfirðingar búi við sambærilegt öryggi í heilbrigðismálum og aðrir landsmenn."

Sveitarfélögin funda með fjárlaganefnd í lok þessarar viku og þar verður þessu fylgt eftir.

Spurningin

Myndir þú styðja utanþingsstjórn?

Alls svöruðu 484.
Já sögðu 328 eða 68%
Nei sögðu 156 eða 32%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag: Suðvestanátt og skúrir, einum suðvestanlands. Hiti 5-10 stig. **Horfur á föstudag:** Suðlæg átt og vætusamt, en úrkomulítið NA-lands. Milt veður. **Horfur á laugardag:** Suðlæg átt og vætusamt, en úrkomulítið NA-lands. Milt veður. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir vestlæga átt og heldur kólnandi veður.

Ritstjórnargrein

Hreppaflutningar, nei takk!

Fjölmiðlamaðurinn, Ómar Ragnarsson, segir helstu röksemdina fyrir harkalegum niðurskurði í heilbrigðisþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins vera að samgöngur hafi batnað svo mikið að þetta sé hægt; þetta eigi þó örugglega ekki við um Vestfirði, eina landshlutann sem ekki hefur alþjóðaflugvöll, þangað sé ekki hægt að fljúga nema í björtu og að sunnanverðir Vestfirðir séu eini landshlutinn þar sem landsamgöngur eru á sama stigi og þær voru fyrir nærri hálfri öld. Orð að sönnu. Við má bæta að í myrkri og misjöfnum veðrum er oft hægt að hefja flug frá Ísafirði, þótt lending kunni að vera illmöguleg. Staðsetning sjúkraflugvélar í öðrum landshluta er sýndarmennska.

Þegar sýnt var að ,,gamla sjúkrahúsið" uppfyllti ekki lengur kröfur sem gerðar eru til húsakynna heilbrigðisstofnana, eftir 45 ára nýtingu, hófst barátta fyrir úrbótum, sem átti eftir að verða löng líkt og streðið fyrir Menntaskólanum. Eftir fimm ára þjark og vangaveltur, um allar mögulegar hliðar málsins, var loks tekin skóflustunga að byggingu sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar í september 1975.

En björnin var ekki unninn. Líkt og í svo mörgu hjá hinu opinbera, hvað dreifbýlið áhrærir, var enginn æðibunugangur á framgangi verksins. Komið var fram á áttunda ár frá skóflustungunni þegar fyrsti hluti hússins var tekinn í notkun með opnun heilsugæslustöðvarinnar. Svo fór þó sem alþjóð veit að um síðir var markinu náð. Þá töldum við loks í höfn mikilvægan þátt í að tryggja sem öruggasta heilbrigðisþjónustu heima fyrir.

Það styttist óðum í árvisst tímabundið ,,brotthvarf" sólarinnar. Ísfirðingar eru því vanir. Þeir vita að úr rætist og fögnuðurinn yfir endurkomunni er einlægur. En nú hefur heldur betur dregið fyrir sólu og með öðrum hætti en náttúran sér um. Árangurinn sem áralöng barátta fyrir bættri heilbrigðisþjónustu náði að lokum að tryggja okkur er í uppnámi. Allt öryggi fyrir bí. ,,Hvaða sjúklingur hefur slíkt vald yfir eigin líkama að hann getur ákveðið sjálfur á hvaða tíma sólarhringsins hann þarf á aðgerð að halda? Hvaða kona á barneignaaldri hefur áhuga á að búa á svæði þar sem hún þarf að ferðast rúmlega 400 kílómetra ef barnið fæðist utan venjulegs skrifstofutíma?" spyr bæjarstjórinn í Ísafjarðarbæ og þarf engan að undra að spurt sé.

Það vita allir að þröngt er í búi. Það vita líka allir að ekki er sama hvar hert er að. Öryggi íbúanna hlýtur að hafa forgang. Augljóslega verða menn að setjast niður og leita allra leiða til að forða okkur frá þeirri ógæfu sem boðuðum fyrirrætlunum fylgja. Það getur sitthvað setið á hakanum; ekki þjónustan við sjúkt fólk.

Því verður ekki trúað að hreppaflutningar til Akureyrar eða Reykjavíkur, líkt og Vestfirðingar urðu að búa við í skólamálum fyrir daga Menntaskólans, verði teknir upp gagnvart þeim sem þurfa á sjúkrahússvist að halda!

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564.
Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamaður:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is.*
Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Endursöluaðilar um land allt

www.osram.is



Stórhækkun á orkuverði.

OSRAM býður upp á fjölmarga valkosti til orkusparnaðar

Orkuverð hefur stórhækkað að undanförnu sem leiðir til aukinnar greiðslubyrði fyrir fjölskyldur landsins. Minnkaðu áhrif hækkunarinnar á þitt heimili og taktu strax skref til sparnaðar.

OSRAM býður upp á fjölmarga valkosti til orkusparnaðar - kíktu til næsta endursöluaðila og skoðaðu úrvalið.

SJÁÐU HEIMINN Í NÝJU LJÓSI

OSRAM

Jóhann Ólafsson & Co

Stöndum frammi fyrir gjörbyltingu í heilbrigðisþjónustu

Áformuðum niðurskurði í heilbrigðiskerfinu hefur verið mótmælt um allt land og ekki síst á Vestfjörðum þar sem Heilbrigðisstofnunin stendur frammi fyrir 40% niðurskurði á sjúkrasviði. Bæjarins besta heyrði í Herði Högnasyni, framkvæmdastjóra hjúkrunar hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, daginn sem blásið var til borgarafundar á Ísafirði þar sem mótmælt var aðför að vestfirskum byggðum með niðurskurðinum. Hörður sagði ástandið sem starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar horfðu fram á væri dökkt, auk þess sem áhrifin á samfélagið yrðu gífurleg að óbreyttu.

„Í morgun beið starfslið skurðdeildar eftir því að geta hafið skurðaðgerð vegna legnáms, á meðan athugað var hvort óhætt myndi að teppa skurðstofuna næstu klukkustundina, því tvær fæðingar voru í gangi á sama tíma á fæðingardeildinni. Var nokkur möguleiki á keisaraskurði á þeim tímapunkti? Á sama tíma voru öll 24 rúm hand- og lyflækningadeildar full og starfslið þar í þvílíku lágmarki, eftir þriggja ára niðurskurð, að það hafði ekki haft tíma til að undirbúa sjúklinginn fyrir legnámsaðgerðina eins og þurfti. Þetta er ekki svona á hverjum degi, en lýsir ágætlega því sem við er að búast á sjúkrahúsinu. Það er kaldhæðnislegt að hugsa til þess, að eftir áramótin geti þetta heyrt sögunni til; leyfilegur 24 rúma fjöldi orðinn 15, fæðingar líklegast aflagðar, ljósmæður hættar, skurð-, bráða- og rannsóknarþjónusta einskorðuð við dagvinnu á virkum dögum og skurðaðgerðir mestmegnis vörtur og fæðingarblettir. Eða hvernig á að skilja fyrirmæli heilbrigðisráðuneytisins um að skurðaðgerðir á Ísafirði verði í algeru lágmarki í framtíðinni?“, segir Hörður.

„Næstu skref hjá okkur eiga að vera að skila tillögum um hvernig við ætlum að standa að þessum niðurskurði upp á 200 milljónir. Okkur fallast nú hendur við það, verð ég að segja. Við vitum ekki til hve langs tíma á að plana, hvort þetta sé einungis árið 2011 eða til frambúðar. Jafnvel þótt skurð-, slysa- og göngudeild, rannsókn, röntgen, fæðingardeild og endurhæfingardeild yrðu lagðar niður með öllu, þá myndi enn vanta upp á til að ná þeim niðurskurði sem hefur verið boðaður. Að sama skapi gætum við ekki fyllt upp í töluna þó öllum læknum og hjúkrunarfræðingum stofnunarinnar væri sagt upp á einu bretti.“

Heilbrigðiskerfi byggt á skyndiákvörðunum

„Við stöndum frammi fyrir gjörbyltingu í heilbrigðiskerfinu í landinu og við höfum ekkert til að byggja á hvernig standa eigi að því. Það hafa engar línur verið lagðar um það hvernig við eigum að skera niður eða hvernig eigi að haga þeirri þjónustu sem leggst af hér. Ekki hafa verið gerðar neinar ráðstafanir hjá Landspítalanum, flugfélögum, sjúkrahótelum og öðrum aðilum, þannig að allt sé til reiðu, svo hægt sé að taka við þeirri þjónustu sem við erum beðin um að skera niður hér og annars staðar á landinu. Sérgreinasjúkrahúsin í Reykjavík og á Akureyri fá ekki krónu til að annast þessa þjónustu í staðinn, rétt eins og þetta hafi ekkert kostað úti á landi. Það hefur nú þegar verið blóðugur niðurskurður á Landspítalanum eins og annars staðar á landinu í langan tíma. Ég veit því ekki hvernig þeir eiga að geta bætt þessu á sig.

Einu fyrirmælin sem við fáum er að við eigum að skera niður um ákveðna upphæð, hér verði heilsugæslusjúkrahús, hvað sem það nú er, og skurðþjónusta verði lítil. Við fáum engar skýringar eða nánari leiðbeiningar. Fyrirliggjandi fjárlagatillögur voru, eins og venjulega, tilbúnar í ráðuneytinu í júní. Og með þær er farið eins og hernaðarleyndarmál í stað þess að vinna þær með viðkomandi stofnunum og ná sæmilega vitrænni niðurstöðu. Er þetta þessi „opna“ stjórnsýsla sem núverandi ríkisstjórn gumar af? Sjúkrastofnanir eru reyndar sjaldnast hafðar með í ráðum við ákvörðun fjárlaga og þess vegna hafa þeir sem um þau ráðgast syðra enga hugmynd um þarfir stofnana eða íbúa viðkomandi svæða. Við sitjum svo uppi með þessi ósköp, nema við fáum einhverju breytt þar um. Eitt vitum við þó fyrir víst að marggefnu tilefni: Horfin þjónusta kemur ekki aftur.

Eins og staðan er í dag eigum við að skila inn tillögum um hvernig við ætlum að ná fram þeim niðurskurði sem ætlast er innan tveggja vikna! Við bara vitum ekki hvernig við eigum að fara að því. Á tveimur vikum eigum við að ákveða niðurskurð á allri grunnspítalaþjónustunni á Vestfjörðum, segja upp mörgum tugum faglærðra einstaklinga sem enga vinnu fá hérlendis eins og er, rústa samfélagi við ættingja og vini og bjóða þeim að skilja eftir óseljanlegar húseignir. Það getum við ekki gert. Við viljum fá skýr fyrirmæli og rök frá ríkinu um hvaða þjónustu skuli skera niður og af hverju ekki er þörf á henni hér.

Það má leika sér að tölum í Reykjavík, en á bak við tölurnar er fólk, börn, sjúklingar, alvarleg veikindi, erfið meðferð, sjálfsögð mannréttindi og það öryggi sem góð heilbrigðisþjónusta veitir bæði skjólstæðingum og fagfólki á svæðinu. Fyrirhyggjuleysi stjórnvalda, flaustursleg vinnubrögð, þekkingarleysi þeirra á aðstæðum á landsbyggðinni og slembiákvarðanir með fjármuni okkar er svo takmarkalaus, að þeim sést ekki fyrir í vitleysunni. Við eigum svo bara að slaka á og njóta!

Persónulega finnst mér að við ættum að halda annan borgarafund þegar við höfum gert tillögur að því hvernig ná megi fram boðuðum niðurskurði með sem bestum hætti þar sem íbúar geti haft áhrif á ákvörðunartökuna. Við erum jú fyrst og fremst að vinna fyrir Vestfirðinga og þeir hljóta að hafa eitthvert ákvarðanavald á eigin skinni.“

Geta ekki annast fæðingar

„Sárast er að fá engin rök fyrir því hvernig þessar upphæðir eru fengnar út. Við fáum ekki einu sinni að vita hvað felst í þeim litlu fyrirmælum sem við höfum fengið. Hvað felst t.d. í því að hafa skurðþjónustu í lágmarki? Það hlýtur þó að þýða að við getum ekki verið með bakvaktir sem felur þá í sér að við getum ekki haft fæðingarþjónustu þar sem ekki verður hægt að gera keisaraskurði, ná fastri fylgju í svæfingu, eða sjá um önnur vandamál sem gætu komið upp. Jafnvel þótt skurðlæknir og svæfing væru á bakvakt væri heldur ekki halda fæðingarþjónustunni, þar sem ekki yrði hægt að gera nauðsynlegar blóðrannsóknir utan dagvinnu.

Þýða skurðaðgerðir í algjöru lágmarki að við megum bara gera aðgerðir þar sem hægt er að deyfa í stað þess að svæfa? Vitaskuld mætti þá bara gera það í dagvinnu. Það er bara enginn skurðlæknir sem myndi vilja vinna eftir því skipulagi, því þeir þurfa eitthvert lágmark aðgerða til að halda sér við.“

Landsbyggðarsérhæfing

„Fagfólk á landsbyggðinni þarf að hafa þekkingu og geta gefið meðferð og almennar skurðaðgerðir þvert á mörg sérsvið. Það þarf líka daglega að taka til hendinni á fleiri sviðum en „er í manns verkahring“. Þannig er ég framkvæmdastjóri hjúkrunar, fyrir utan að svæfa, leysa lyfjafræðing stofnunarinnar af, aðstoða við maga- og ristilspeglanir, eða á göngudeild, þegar þörf er á, sjá um líkhús og kapellu, sinna útköllum vegna erfiðra uppsetninga á æðaleggjum, auk annars. Sérfræðingar á sjúkrasviði sinna líka heilsugæslu, hjúkrunardeildum, ómskoðunum á röntgendeild, úrlestri röntgenmynda o.s.frv. Þetta einkennir lítil sjúkrahús og þróast með reynslu og á mörgum árum. Maður kippir ekki lækni, eða hjúkrunarfræðingi, af Landspítala, nýútskrifuðum nema, eða beint eftir þröngt sérnám og ætlast til hins sama. Reynslan sýnir að það gengur ekki. Fagfólk sem hverfur héðan eftir áramótin að óbreyttu, fer með þessa þekkingu með sér. Það eru alvarlegri afglöp í stjórnsýslu hjá heilbrigðisráðuneytinu en starfsmenn þar geta nokkru sinni gert sér grein fyrir.“

Heilsugæsluþjónustan versnar líka

„Ég spái því reyndar, að þegar reyndir og dugandi heilsugæslulæknar hér missa bakland sitt í reyndu sjúkrahústarfsfólki og -þjónustu, þá muni þeir láta sig hverfa líka á skömmum tíma. Það er enginn læknir í dag langdvölum við störf þar sem óravegir eru í næsta alvöru sjúkrahús og ekki er hægt að rannsaka sjúklinga utan dagvinnu. Íbúunum má þó bjóða slíka „þjónustu“ – og það kallar núverandi forsætisráðherra norrænt velferðarkerfi. Þegar yfirvöld segja að þau séu að styrkja heilsugæsluna um leið og sjúkrahúsþjónusta með einhverju nafni er aflögð, nú þá eru þau einfaldlega að ljúga. Óafvitandi, held ég, því dugandi heilsugæsla byggir á traustu, nálægu sjúkrahúsi. Sjáðu bara Reykjavík: Þar eru bestu sjúkrahús og flestir sérfræðingar landsins, svo hefðbundnar heilsugæslustöðvar hafa verið áratugi í afar hægri uppbyggingu þar.“

Myndu reyna halda uppi mæðraeftirliti

„Það á alls ekki aðeins við um lækna að þeir myndu ekki kjósa að starfa hér ef þjónustan verður skert svona mikið. Það myndi einnig hafa áhrif á almenning, t.d. ungt fólk sem stefnir að barneignum. Það hlýtur að spyrja sig hvað það eigi að gera fyrst engin ljósmóðir verður á svæðinu. Það hlýtur að álíta sem svo, að best sé að vera fyrir sunnan þar maður getur andað léttar við tilhugsunina að stutt sé í aðstoð ef á henni er þörf.“

– Myndi mæðraeftirlit leggjast líka af í kjölfar niðurskurðarins?

„Nei, líklegast ekki. Hjúkrunarfræðingar og læknar myndu sjá um eftirlitið. Tengslin yrðu þó allt öðruvísi þar sem verðandi mæður komast eins og er í gott samband við ljósmæðurnar sem eiga eftir að hjálpa þeim í fæðingunni.“

Á sjöunda tug fólks gæti misst vinnuna

„Að loknum þessum niðurskurði er þetta ekki orðið neitt sjúkrahús hér. Við fáum engar leiðbeiningar um hvernig við eigum að skera niður. Tölurnar eru það háar að við eigum aldrei eftir að geta haldið uppi lágmarksspítalaþjónustu. Ef við fáum engu breytt erum við að tala um að hátt í 60 manns missi vinnuna. Samkvæmt þessum tölum eru það allavega 40 stöðugildi sem við þurfum að leggja niður og margir eru í hlutastarfi þannig að baki þeirra er mun fleira fólk. Að baki þeirra eru svo fjölskyldur, vinir, ættingjar og húseignir og allt sem því fylgir. Það hefði því miklar afleiðingar fyrir samfélagið ef þetta fólk færi í burtu, því það fengi ekki aðra vinnu hér. Fyrir utan að það fengi varla vinnu hér á landinu, því enginn spítali eða heilsugæsla er að ráða neitt að ráði fyrir sunnan. Þvert á móti í rauninni. Við erum því að sjá fram á að menntað heilbrigðisstarfsfólk færi úr bænum og kæmi ekki aftur.

Þarna lýsir sér vel sú grunn-

hyggni sem er að baki þessa talnaleiks, að það er ekki hugsað lengra en til fjárhagsársins 2011 og ekki hugað að langtíma afleiðingum. Við Íslendingar erum vanir þeim hugsunarhætti að við kýlum bara á þetta og það reddist einhvern veginn. Við höfum hérna heila kreppu sem lýsir því vel hversu óskipulögð þjóð við erum. Ef það var vitað fyrir ári síðan að það þyrfti að skera niður svona mikið, þá hafði fólk ár til að reyna finna út hvernig ætti að hagræða og skera niður og hvernig ætti þá að haga þjónustunni í Reykjavík þannig að hún gæti tekið á móti þeim sjúklingum sem koma annars staðar frá. En það var ekkert svoleiðis gert og ekki nokkurt samráð haft við forsvarsmenn heilbrigðisstofnana. Þetta er alveg grátleg vitleysa.“

Ætlast til þess að íbúarnir borgi meira

Gefið hefur verið út að þjónustuskerðingin sé möguleg með auknu sjúkraflugi. Hörður bendir á að auk þess kostnaðar sem fellur á heilbrigðisráðuneytið við slíkt þekki Vestfirðingar vel að veður getur oft hamlað flugi.

„Í sjálfu sér er það lífshætta að vera að fljúga í alls kyns veðri í sjúkraflugi. Verst finnst manni þó að það eru engin rök fyrir því hvað er að baki þessum tölum á hverjum stað. Ef við erum mjög varkár og segjum að um 300 manns þurfi snögga innlögn á sjúkrahús á norðanverðum Vestfjörðum á ári, sem heilsugæslulæknar ráða ekki við, og að 100 manns þurfi að senda með sjúkraflugi vegna skurðaðgerða sem ekki er hægt að framkvæma vegna niðurskurðar í algert lágmark, og hvert sjúkraflug kostar rúmlega 300 þúsund krónur, þá væri það kostnaður upp á vel yfir 120 milljónir á ári bara frá Ísafirði. Þá er ekki tekinn með í reikninginn kostnaður vegna uppihalds í Reykjavík, leigubíla, vinnutaps, fæðis, miklu dýrari heilbrigðisþjónustu í Reykjavík, o.s.frv. Stórfelldum kostnaði verður velt beint yfir á sjúklinga og aðstandendur utan af landi og slík mismunun er fráleitt í anda ríkisstjórnar hinna vinnandi stétta.

Manni hefði þótt það skynsamlegra að hópvinna með viðkomandi heilbrigðisstofnunum hefði verið skynsamleg, til þess að gerlegur niðurskurður af þessu tagi myndi ganga sem best upp. En nei, það fer ekki fyrir því. Það er bara verið að henda þessu yfir á almenning sem þarf að borga meira ofan á allt annað. Ef það er ódýrara að bjóða upp á sjúkraflug í stað þess að þjónustan sé í boði á staðnum, þá ætti ríkið að geta borgað uppihald og gistingu fyrir fólk líka. Kannski líta smiðir fjárlagafrumvarpsins svo á, að ódýrara sé að hafa fólk á hóteli en í rúmi á heilbrigðisþjónustunni.

Ekki er bara verið að rústa þjónustunni hjá okkur hér á landsbyggðinni heldur er einnig verið að krefjast þess að íbúar borgi gífurlegar fjárhæðir til þess að leita jafnvel eftir hjálp við smámunum.“

Kostar tíðar ferðir til Reykjavíkur

„Burtséð frá heilbrigðisþjónustunni sem á eftir að hverfa við þetta, þá hefur þetta í för með sér að fjöldi fólks neyðist til að flytja burt eftir að það missir vinnuna. Ég tala nú ekki um ungt fólk sem fær hvergi vinnu í heilsugeiranum og flytur því af landi brott. Það hefur nú þegar sýnt sig að margir hafa flutt til nágrannalandanna þar sem auðveldara er að lifa. Þar er norrænt velferðarkerfi sem við höfum aldrei þekkt þó að pólitíkusar vilji meina það. Slíkt kerfi felst t.d. í fríum heitum skólamáltíðum, tannlæknaþjónustu sem innifalin er í sjúkratryggingum og þannig fram eftir götunum.

Auk þeirrar þjónustu sem við þurfum að skerða myndu leggjast af komur sérfræðinga eins og kvensjúkdómalæknis, háls-, nef- og eyrnalæknis og o.s.frv. Fólk þyrfti að leita til Reykjavíkur út af öllum kvillum sem upp koma, allt frá iljavörtum á börnum til meira en „lágmarks“-uppskurða. Því fylgir auðvitað mikill kostnaður fyrir einstaklinga.

Segjum sem svo að einhver snúi á sér ökklann á föstudegi og grunur sé á að hann gæti verið brotinn. Það væri ekki hægt að bíða fram á mánudag með að taka röntgenmynd en þar sem ekki er bakvakt á röntgendeildinni þyrfti að senda einstaklinginn suður með sjúkraflugi. Þegar þangað væri komið myndi koma í ljós að ökklinn er ekki brotinn en þá stendur aðilinn eftir sem strandaglópur í höfuðborginni og þarf að koma sér í húsaskjól og svo heim með tilheyrandi kostnaði.

Tökum sem annað dæmi að pólsk kona væri barnshafandi og þyrfti að fara suður vegna vandkvæða sem kæmu upp með meðgönguna. Hún ætti enga vini eða vandamenn fyrir sunnan og þyrfti því að vera á hóteli dögum saman. Hvað þá með brjóstverk utan dagvinnu, sem ekki er hægt að útiloka sem alvarlegan: Sjúkraflug. Þetta fyrirkomulag myndi einnig hafa í för með sér vinnutap, því foreldri fer ekki með barnið sitt t.d. í hálskirtlatöku um helgi. Heilsugæslulæknir ristilspeglar ekki svo speglun í Reykjavík kostar allt að 4-5 daga þar. Þannig mætti lengi telja. Það er illskiljanlegt hvernig þetta á að ganga upp allt saman.“

Samvinna heilbrigðisstétta nauðsynleg

„Heilbrigðisráðherra talar um að ekki megi dreifa sérfræðingum um allt land. Hver er rökstuðningurinn fyrir því? Hann er enginn. Ég gæti nefnt fjölmörg dæmi sem færa mjög sterk rök fyrir því, að reyndur og fjölhæfur skurðlæknir og lyflæknir á landsbyggðarsjúkrahúsi eru heilsugæslunni of mikilvægir bakhjarlar og spara ríkinu og viðskiptavinum heilbrigðisþjónustunnar það miklar upphæðir árlega, að áætlaður niðurskurður á ekki nokkurn rétt á sér.

Gleymum því heldur ekki, að læknar væru til ósköp lítils til gagns hvar sem er ef hjúkrunarfræðinga og annað fagfólk í hjúkrun, rannsóknum og endurhæfingu vantaði. En það er einmitt það fólk, sem þyrfti að segja upp í stórum hópum, ef niðurskurðartölur heilbrigðisráðherra standa. Við heilbrigðisstarfsfólk erum vön þessari nauðsynlegu samvinnu til að geta hjálpað skjólstæðingum okkar. Ósköp væri notalegt ef starfsmenn heilbrigðisráðuneytisins tækju sér þá vinnutilhögun til fyrirmyndar. Það myndi spara ómældar fjárhæðir í byltingarbrölti þeirra í heilbrigðisþjónustunni.“

– thelma@bb.is

Framkvæmdir hafnar á Hrafnseyri

Framkvæmdir eru hafnar við nýja heimreið að Hrafnseyri við Arnarfjörð. Framkvæmdirnar eru liður í fyrirhuguðum hátíðarhöldum vegna 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar, fyrrum forseta, á næsta ári. Margar stórvirkar vinnuvélar eru á svæðinu, fleiri en sést hafa í einu á þessum slóðum í mörg ár.

Framkvæmdir eru hafnar við nýja heimreið að Hrafnseyri.

Ekki eru allir á eitt sáttir við framkvæmdirnar eins og komið hefur fram í fjölmiðlum að undanförnu. Hafa þeir einstaklingar sem mótfallnir eru framkvæmdunum bent á að gróður og ræktað land stórspillist og að aðalkennileitið verði framvegis hinn nýi vegur. Samkvæmt upplýsingum blaðsins er hin nýja heimreið staðsett á mesta snjóastað við Hrafnseyri.

Bóndinn á Auðkúlu, Hreinn Þórðarson, neitaði Vegagerðinni um efnistöku í landi sínu vegna heimreiðarinnar. Samkvæmt upplýsingum blaðsins er vegurinn innan Hrafnseyrar illfær um þessar mundir vegna viðhaldsleysis.



DRAUMADAGAR í hjarta borgarinnar

Gisting í tveggja manna herbergi með morgunverði á CenterHotel Arnarhvoli, frír aðgangur að spa-heilsulind og glæsilegur veislukvöldverður á Panorama Restaurant.

AÐEINS 8.000 kr. á mann!

Hægt er að velja annað af matseðli en Panoramaveislu gegn aukagjaldi. Aukanótt kostar 9.200 kr. fyrir tvo með morgunverði.

GJAFABRÉF sem gleður

Pantanir og nánari upplýsingar á centerhotels.is, reservations@centerhotels.is og í síma 595 8582. Tilboðið gildir til 30. apríl 2011. Ógleymanleg upplifun fyrir pör jafnt sem stærri og smærri hópa.

Leikhústilboð

Afsláttur á sýningar Þjóðleikhússins fyrir gesti Draumadaga
Miðaverð 3.000 kr. (fullt verð 3.750)
Miðapantanir í síma 551 1200

HOTEL ARNARHVOLL centerhotels.is

panorama restaurant panoramaice.is

Hótel Arnarhvoll / Panorama Restaurant / Ingólfsstræti 1 / 101 Reykjavík

Vill samræma hátíðarhöld

Hrafnseyrarnefnd hefur óskað eftir því við sveitarstjórnir á Vestfjörðum að þau taki þátt í hátíðarhöldunum á Hrafnseyri 17. júní 2011 en þá verða liðin 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Að auki hefur verið óskað eftir því að sveitarstjórnir samræmi þjóðhátíðardagskrár næsta sumar í samvinnu við nefndina.

„Í tilefni afmælisins hafa stjórnvöld og Alþingi Íslendinga ákveðið að fagna deginum sérstaklega á Hrafnseyri, því sjálfstæðisbarátta Íslendinga á 19. öld og ævistarf Jóns Sigurðssonar eru bundin órjúfanlegum böndum, þar eð Jón var óvéfengjanlega foringi þeirra baráttu,“ segir í bréfi Hrafnseyrarnefndar til sveitarstjórna á Vestfjörðum.

Í tilefni dagsins verður opnuð ný sýning um Jón Sigurðsson á Hrafnseyri auk þess sem sérstök afmælisdagskrá verður haldin honum á staðnum honum til heiðurs. Hrafnseyrarnefnd hefur á liðnum áratugum staðið fyrir hátíðadagskrá á Hrafnseyri, fæðingarstaðar Jóns, í tilefni þjóðhátíðardagsins 17. júní. – *thelma@bb.is*

Guðjón Þórðarson, nýr þjálfari BÍ/Bolungarvíkur ásamt stjórn félagsins.

Guðjón þjálfar BÍ/Bolungarvík

Guðjón Þórðarson hefur verið ráðinn þjálfari BÍ/Bolungarvíkur. Samningur þessa efnis var handsalaður á Hótel Ísafirði í síðustu viku. Guðjón tekur við starfinu af Alfreð Elías Jóhannssyni sem lét af störfum á dögunum. BÍ/Bolungarvík endaði í 2. sæti 2. deildar á síðustu leiktíð og leikur því í 1. deildinni á næstu leiktíð eins og kunnugt er.

„Stjórn BÍ/Bolungarvíkur og Guðjón Þórðarson hafa komist að samkomulagi um að Guðjón Þórðarson taki við stjórn meistaraflokks ferilsins frá og með 15. október. Stjórn félagsins er ánægð með ráðningu Guðjóns og býður hann velkominn til starfa,“ segir í yfirlýsingu frá stjórn BÍ/Bolungarvíkur.

– *thelma@bb.is*

Tekjur af strandsiglingum þurfa að vera 884 milljónir

Tómas Möller, formaður starfshóps um mat á hagkvæmni strandflutninga, segir að hagkvæmast að sigla milli Reykjavíkur, Ísafjarðar og Akureyrar auk Sauðárkróks og Patreksfjarðar/Bíldudals. Samkvæmt siglingaáætlun yrði gert ráð fyrir að Akureyri sé heimahöfn skipsins þar sem skipið bíður um helgar. Þetta kom fram í máli Tómasar á hafnarsambandsþingi á Snæfellsnesi fyrir stuttu. Þar kom fram að til þess að strandsiglingar borgi sig þurfa tekjur að vera 884 milljónir króna á ári.

Tómas leggur til að gerð verði ítarlegri rekstraráætlun fyrir skipið og flutningakerfið í heild með aðstoð hagdeilda skipafélaganna. Meta þarf óvissuþætti s.s. þróun gengis, olíuverðs, skipaleigu, launakostnaðar og skoðað ítarlega hvaða áhrif þeir hafa á arðsemi siglinganna. Þá verði atvinnuþróunarfélögum á landinu falið að gera markaðsrannsóknir þar sem metið væri hver er raunveruleg flutningaþörf og áhugi flutningsaðila á sjóflutningum.

Í máli Tómasar kom fram að gera má ráð fyrir að um 8000 ferðir landflutningabíla færist yfir á sjó á ári. Við það minnkar akstur sem nemur um 3,2 milljónum km á ári. Ríkissjóður tapar um 100 milljónum kr. á ári vegna minni tekna af dísilolíu. Slit á vegum og viðhaldskostnaður vega minnkar líklega um 100-200 milljónir kr. á ári. Öryggi almennings á vegum eykst væntanlega vegna minni aksturs stórra bíla á vegum og svifryksmengun á vegsvæðum minnkar.

„Rauðir sokkar heitir í dag“

Rauðir sokkar streyma víða að í átaki sem hrint var úr vör til að styrkja Sólstafi, systursamtök Stígamóta á Vestfjörðum, að sögn Kolbrúnar Schmidt hugmyndasmiðs átaksins. Aðspurð um hvernig hugmyndin varð til segir Kolbrún að það hafi verið á kynningarfundi með Skottunum frá Reykjavík þar sem kvennafrídagurinn var kynntur. „Þar barst í tal að Sólstafi hefðu misst húsnæði sitt, og þá datt mér í hug að þar sem farið er að kólna í veðri og ullarsokkar væru málið fyrir söfnun þar sem þeir hefðu tilgang til að hlýja fótum. Það var líka falleg tilhugsun að konur og karlar út um allt væru að prjóna sokka fyrir söfnun. Rauðir sokkar eru tilvísun í Rauðsokkubaráttu sem á svolítið undir högg að sækja þar sem þær eru stimplaðar sem brjálaðir feministar enda var það sem þurfti til að vekja athygli og ná þeim árangri sem tekist hefur í dag, en árið 2010 þarf meira til þar sem kynbundið ofbeldi er enn til staðar og gífurleg launamisrétti,“ segir Kolbrún.

Kolbrún Schmidt hvetur alla sem vettlingi geta valdið til að prjóna rauða sokka til styrktar góðu málefni.

Allir sem kunna að prjóna og vilja leggja málefninu lið eru beðnir um að prjóna rauða sokka og gefa Sólstöfum. Sokkakössum hefur verið komið fyrir á Heitt á prjónunum á Ísafirði og í Safnahúsinu. Sokkarnir verða síðan seldir dagana fyrir kvennafrí og rennur allur ágóði til Sólstafa. „Það hefur verið vel tekið í þetta átak til dæmis voru prjónakvöldum á Heitt á prjónunum breytt í Rauðsokkukvöld og hefur Gerður Eðvarðsdóttir, eigandi Heitt á prjónunum, stutt málefnið vel. Ég veit af því að margir ætli að prjóna sokka til að gefa og ekki eingöngu á norðanverðum Vestfjörðum, heldur víðar og pantanir eru líka komnar að sunnan“ segir Kolbrún. „Allir sem skila inn sokkum geta merkt sér þá og fá þá kredit fyrir verkið og þar af leiðandi myndar það skemmtilega stemmningu þar sem maður gæti mögulega keypt sokka eftir einhvern sem maður þekkir,“ bendir Kolbrún á.

Að lokum skorar Kolbrún saumaklúbba, kvenfélög og auðvitað líka karla á kaffistofum vinnustaða sinna að taka upp prjónana og styðja gott málefni.

– thelma@bb.is

Skondið nafn á báti í Bolungarvík

Sjávarútvegsvefurinn aflafrettir.com greinir frá sérstæðu nafni á strandveiðibáti sem gerður er út frá Bolungarvík. Báturinn, sem er 5,7 bt. plastbátur, var gerður út um nokkurra ára skeið frá Suðureyri og bar þá nafnið Gola ÍS. Í dag heitir báturinn einfaldlega Núnú ÍS 99. „Ekki er laust við að nafnið sé eitt sérstakasta bátanafn hér á landi.

Algengast er að nefna báta eftir einhverri persónu, oftast þá skyld viðkomandi útgerðarmanni. Einstaka menn hafa nefnt báta sína erlendum nöfnum og frægustu nöfnin í þeim flokki eru Clinton GK og Monica GK, “ segir á aflafrettir.com. Útgerðaraðili bátsins er Magnús Már ehf., í Bolungarvík.

– thelma@bb.is

Ekki þörf á uppsögnum hjá MÍ

Boðaður hefur verið 9,4% niðurskurður hjá Menntaskólanum á Ísafirði í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Niðurskurðurinn kemur Jóni Reyni Sigurvinssyni, skólameistara ekki á óvart þar sem gefið hafði verið út að 6% niðurskurður yrði hjá öllum framhaldsskólum landsins. „Niðurskurðurinn er reyndar aðeins meiri þegar skoðaðir eru liðir eins og húsaleiga sem er ófrágengin og veikindaforföll sem hægt var að fá bætt en ekki lengur og ýmislegt fleira sem tínist til þannig að niðurskurðurinn er nær því að vera upp á 11% hjá MÍ,“ segir Jón Reynir.

Um 80% af rekstri skólans eru laun til starfsmanna sem eru 38 talsins og ætti niðurskurðurinn því að hljóða upp á 5-6 stöðugildi. Jón Reynir segist ekki reikna með að grípa þurfi til uppsagna. „Undanfarin tvö ár höfum við verið að hagræða allverulega í rekstri skólans sem sést í því að skólinn hefur verið að skilaði afgangi af rekstri í fyrra og svipað verður á þessu ári. Maður vissi það fyrir að þessu kæmi og því höfum við sett okkur í þann farveg að árið 2011 yrði erfiðast. Við höfum þegar hagrætt til að reka skólann á núlli. Hins vegar má ekkert út af bregða svo tap myndist.“

Á þessu stigi málsins er óvíst hvort hægt verður að taka við öllum nemendum skólans á næsta ári þ.e. á þeim starfsbrautum sem nú eru í boði. „Við erum að skoða þessi mál núna og ég fæ í heimsókn tvo fulltrúa menntamálaráðuneytisins þann 29. október þar sem farið verður ofan í saumana á þessum málum og stöðu skólans fyrir næsta skólaár. Við erum búin að binda skólann til vorsins 2011 að stóru leiti með því að innrita nemendur að hausti.

Ljósi punkturinn er þó klárlega að ekki þurfi að segja upp starfsfólki segir Jón Reynir. „Það er ömurlegt hlutskipti hvers stjórnanda að þurfa að grípa til slíkra ráða. Á síðustu fimm árum hefur störfum við skólann fækkað um tíu. Það voru 48 starfsmenn við skólann fyrir tæpum fimm árum sem segir heilmikla sögu um það hversu mikið er búið að draga saman í starfsemi skólans án þess þó að þurfa fækka nemendum og við erum í raun með meira framboð í dag. Aðeins hjá einum starfsmanni var samningurinn ekki framlengdur vegna hagræðingar. Ég er því sáttur við stöðuna.“

Fyrirhugaðri hækkun á innritunargjöldum nemenda var frestað í haust fram til áramóta og segist Jón Reynir ekki eiga von á að meiri hækkun umfram það sem boðað var í vor.

Vantar þig pípara?

Tek að mér alla almenna pípulagningavinnu, stóra sem smáa. Gerið verðsamanburð!

Þórður Eysteinsson, pípulagningameistari, sími 895 0485

Sjúkrahúsin

Stakkur skrifar

Allt logar nú í illindum vegna fjárlagafrumvarps ársins 2011. Nú skal skorið niður á landsbyggðinni. Það er vel skiljanlegt að draga þurfi saman útgjöld ríkisins eins og fyrir ríkissjóði er komið nú. Einn stærsti útgjaldaliðurinn í rekstri ríkisins er að sjálfsögðu okkar ágæta heilbrigðiskerfi. Það er eitthvað sem við íslenskir skattgreiðendur höfum litið á sem sjálfsagðan og eðlilegan þátt í lífi Íslendinga. En er það að breytast? Svo kann að vera og fréttir í tengslum við fjárlagafrumvarpið og það ágæta frumvarp sjálft benda til þess. En þá hefur komið í ljós, að þótt Íslendingar séu ótrúlega þolinmóðir gagnvart Alþingi og ríkisstjórn, sem hefur bæði hækkað skatta umtalsvert og skorið útgjöld talsvert niður, eru þeir ekki sáttir við að heilbrigðisþjónustan verði skert.

Ríkisstjórn og Alþingi er að sumu leyti vorkunn að standa í þeim sporum sem þau eru nú í. Ekki er það síst vegna þess hvernig hún er tilkomin eftir að nýtt Alþingi var kjörið 2009 í kjölfar hrunsins. Þá skyldi staðinn vörður um velferðarkerfið og ekki bara það heldur skyldi verða á Íslandi það sem þá var kallað norrænt velferðarkerfi. Margir velta því hvenær komi að því að tannlæknaþjónusta verði svipuð og á Norðurlöndunum og barnafjölskyldum verði hlíft við þeim miklu útgjöldum sem plaga þær ágætu fjölskyldur, svo eitt dæmi sé tekið. Líka skyldi slegin skjaldborg um heimilin í landinu. Ekki hefur það tekist ef marka má fréttir og mótmæli á Austurvelli við Alþingishúsið og Dómkirkjuna við setningu þingsins. Þolinmæði fólks fer ört þverrandi og nú þegar kemur að heilbrigðiskerfinu virðist hún vera brostin með öllu.

Íslendingar hafa lengi státað sig af því að búa að einu fullkomnasta heilbrigðiskerfi í heimi og þakkað því einn lægsta ungbarnadauða í heimi og einn hæsta meðalaldurinn. Að mörgum slær ótta þegar þeir sjá að sjúkrahúsið „þeirra“ er í raun lagt niður vegna skorts á fjárveitingum. Það má heldur ekki gleyma því að þótt allmargir þingmenn búi í Reykjavík og nágrenni, sennilega flestir og í raun allir um þingtímann, þá býr enn talsverður fjöldi fólks úti á landi og hefur lagt til þjóðfélagsins með vinnu sinni og sköttum. Nú fær landsbyggðarfólkið þau skýru skilaboð að þurfi það á sjúkrahúsvist að halda skuli það fara til Reykjavíkur. Það er hægt í sumum tilvikum, en alls ekki öllum. Hvar hefðu Vestfirðingar verið staddir í þessum efnum þegar snjóflóðin dundu yfir og ekki var unnt að komast til Vestfjarða dögum saman í janúar 1995, reyndar í meira enn 30 tíma eftir hamfarirnar í Súðavík?

Kjarni þessa máls er að grundvallarbreyting skal verða á heilbrigðiskerfinu í einu vetfangi, án þess að skýrt hafi verið fyrir notendum þjónustunnar sem það veitir hvað það þýðir og hvernig þjónustan verði tryggð.

Þá er skiljanlegt að almenningi sé órótt.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

smáar

Til leigu er 3ja herb. íbúð við Fjarðarstræti. Leigist með eða án húsgagna. Uppl. í símum 892 1623 og 863 9932.

Til leigu er 3ja herb. íbúð við Austurveg til lengri eða skemmri tíma. Leigist með húsgögnum. Uppl. í síma 892 1623 og 863 9932.

Til leigu er 2ja herb. íbúð í 111 Reykjavík. Óskum eftir reglusömum og reyklausum leigjendum. Upplýs. gefur Guðmundur í síma 869 4713.

Til leigu er rúmgóð og björt 3-4ra herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Allur húsbúnaður fylgir. Leigutími frá 1. nóv.-1. júní. Verð kr. 70 þús. pr. mánuð fyrir utan rafmagn og hita. Upplýsingar í síma 690 7172.

Ertu orðin(n) áskrifandi? Það er mun ódýrara!

Síminn er 456 4560!

Millilandaflug frá Ísafjarðarflugvelli myndi styðja ferðaþjónustuna

Þingsályktunartillaga um að sköpuð verði aðstaða til að hægt verði að sinna millilandaflugi frá Ísafjarðarflugvelli hefur verið lögð fram á ný á Alþingi. Tillagan var fyrst flutt í maí á þessu ári en fékkst ekki rædd og hefur því verið flutt að nýju. Þar er ályktað að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að tryggja að á Ísafjarðarflugvelli sé nægjanlegur búnaður og aðstaða til að hægt sé að sinna þaðan millilandaflugi með flugvélum sem núna hafa heimild til þess að fljúga um völlinn.

„Landfræðilegar aðstæður setja millilandaflugi um Ísafjarðarflugvöll skorður. En í ljósi þess að um völlinn fara meira en 50 þúsund farþegar árlega í innanlandsflugi og heimild er til takmarkaðs millilandaflugs er eðlilegt að unnið verði að því að opna fyrir frekara millilandaflug svo sem landfræðilegar aðstæður leyfa. Slíkt gæti eflt íslenska ferðaþjónustu, styrkt einkanlega samstarf Íslands og Grænlands á ýmsan hátt, rennt fleiri stoðum undir vaxandi ferðaþjónustu á Vestfjörðum og nýtt þá fjárfestingu sem þegar hefur verið gerð í innviðum á margvíslegum sviðum ennþá betur,“ segir í greinargerð með tillögunni.



Ísafjarðarflugvöllur er þýðingarmikill þáttur í samgöngukerfi Vestfjarða.

Í greinargerðinni er einnig bent á að vegalengdin milli Vestfjarða og Grænlands sé 275 km þar sem styst er, og landfræðilegar aðstæður eru því til frekara samstarfs. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi utanríkisráðherra, tók málið upp í heimsókn til Grænlands dagana 20. og 21. júní árið 2008, þar sem Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, var með í för. Í greinargerð sem hann skrifaði að heimsókn lokinni var m.a. vakin athygli á ýmsum möguleikum á frekari samstarfi Vestfjarða og Grænlands. Eftirfarandi er meðal þess sem nefnt er í greinargerð bæjarstjóra:

„Nálægðin við Austur-Grænland. Núverandi tengsl við Grænland í gegnum vinabæjarsamskipti við Nanortalik. Twin Otter skíðavélarnar sem fljúga frá Ísafirði og veita mikilvæga þjónustu. Möguleiki á samstarfi í ferðaþjónustu með frekara flugi og siglingum, nefndi bæjarstjóri sérstaklega stærstu skútu á Íslandi, Aurora. Hafnir Ísafjarðarbæjar sem þjónustuhafnir fyrir Austur-Grænland vegna fiskilandana, ferðaþjónustu, námavinnslu og olíuvinnslu. Siglingar með vistir til byggða við Austur-Grænland ef áhugi væri fyrir því. Þjónusta sjúkrahúss. Menntaskóli. Flest almenn þjónusta fyrir fólk og fyrirtæki. Formlegur vilji bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar til að gerast þjónustuhöfn og þjónustumiðstöð fyrir A-Grænland.“

Í greinargerðinni segir ennfremur: „Öryggis- og umhverfismál koma þar einnig til skoðunar ekki hvað síst vegna aukinna siglinga, oft á tíðum vanbúinna stórra skemmtiferðaskipa. Þessu gæti fylgt staðsetning þyrlu og varðskips/herpskipa á Ísafirði. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur hreyft við því máli við yfirmann herstjórnarinnar á Grænlandi með sérstakri áherslu á Ísafjarðarbæ eftir fund dómsmálaráðherra með fulltrúum Ísafjarðarbæjar í vetur.

Með tilboði Háskólaseturs Vestfjarða um að greiða námskostnað Grænlendings við Haf- og strandsvæðistjórnunarnám Háskólasetursins (Coastal and Marine Management) eru bundnar vonir við að tengsl Ísafjarðarbæjar/Vestfjarða við Grænland aukist og þar með möguleikar á samstarfi. Íslensk fyrirtæki, s.s. verktakar og verkfræðifyrirtæki á okkar svæði og reyndar víða ættu jafnframt að eiga möguleika á verkefnum sem tengjast uppbyggingu og framkvæmdum sem fyrirsjáanlega verða á Grænlandi á næstu árum. Það hafa jafnvel heyrst raddir um að Grænlendingar hefðu möguleika á raforkukaupum frá Íslandi.“

Bent er á að forsenda alls þessa er m.a. að hægt sé að stunda bærilegar flugsamgöngur á milli landanna. „Núna eru margs konar vankantar á slíku flugi. Ekki er almenn heimild til millilandaflugs frá Ísafjarðarflugvelli. Hins vegar er möguleiki fyrir flugrekendur að fá undanþágur, sé eftir því leitað. Slíkt er þó tafsamt og getur reynst þvælið þegar það hentar flugrekanda að nýta Ísafjarðarflugvöll sem lendingarstað vegna flugs á milli landa. Dæmi er um flugvél sem millilenti á leið til Grænlands en þurfti að bíða á Ísafirði í að minnsta kosti sólarhring á meðan farið var í gegnum undanþágubeiðni um heimild til þess að nota völlinn til millilandaflugs. Fyrirtæki á borð við Flugfélag Íslands, sem hefur notað Ísafjarðarflugvöll til flugs til Grænlands, hafa fengið slík leyfi til lengri tíma í senn. Þau úrræði eru ekki til staðar fyrir þá aðila sem vilja nota völlinn í einstök skipti.

Ísafjarðarflugvöllur er gríðarlega þýðingarmikill þáttur í samgöngukerfi Vestfjarða. Um flugvöllinn fóru á árinu 2008 tæplega 52 þúsund manns og var það um það bil 15% fjölgun frá árinu 2006. Verulegar fjárfestingar hafa verið gerðar á flugvellinum, jafnt til að auka öryggi og að bæta aðstöðu farþega. Sú aðstaða mundi að sjálfsögðu nýtast fyrir alþjóðaflug, þótt ljóst sé að ráðast þarf í kostnað til þess að bæta stöðu flugvallarins svo mæta megi kröfum sem það útheimtir,“ segir í greinargerð með þingsályktunartillögunni.

Flutningsmenn tillögunnar eru Einar Kristinn Guðfinnsson, Ásbjörn Óttarsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Guðmundur Steingrímsson, Ásmundur Einar Daðason, þingmenn Norðvestur kjördæmis.

– thelma@bb.is

Snjódýptarmælar gagnlegir við snjóflóðaspá

SM4 snjómælar sem hannaðir voru fyrir Veðurstofuna geta í flestum tilfellum sýnt snjódýpt með nægjanlegri nákvæmni til að koma að gagni við mat á snjóflóðahættu. Mælarnir voru hannaðir og þróaðir af Póls verkfræðistofu á Ísafirði. Snjódýptarmæling SM4 byggir á því að meira flökt er á hita í andrúmslofti en í snjónum. Einnig fæst hitasnið upp í gegnum snjóþekjuna sem getur gefið vísbendingar um lagskiptingu í snjónum.

„Þróun reikniregluti til að reikna snjódýpt í sentimetrum út frá gögnum úr hitaskynjurum SM4 er komin vel á veg. Stöku sinnum koma aðstæður þar sem erfitt er að reikna snjódýptina sjálfvirkt, einkum þegar lofthiti er svipaður og hitinn og í snjónum og lítið flökt er á lofthita.

Unnið hefur verið að því að gera SM4 mælana áreiðanlegri. Þær bilanir sem upp hafa komið hafa helst tengst tækjabúnaðinum sjálfum eða samskiptanetinu. „SM4 mælarnir virka án vandræða við ísingaraðstæður og í vondum veðrum þegar bergmálsmælar geta dottið út,“ segir í skýrslunni. Uppsetning mælanna er tiltölulega einföld og ódýr og mikill kostur að geta fest þá á snjódýptarstikur Veðurstofunnar.

Til viðbótar við snjódýpt gefa SM4 mælarnir upplýsingar um hitastigul í snjónum sem geta verið gagnlegar upplýsingar fyrir snjóflóðaspár. Verið er að kanna hvort útbúa megi sjálfvirka viðvörun þegar hætta er á myndun veikra laga. Einnig er hægt að fylgjast með áhrifum hlýnunar á snjóinn.

„Ef mælarnir eru settir upp í upptakasvæði snjóflóða geta þeir gefið upplýsingar um nákvæma tímasetningu snjóflóða og flekaþykkt. Því fylgir þó hættan á því að stikurnar brotni í flóðunum. Hægt væri að útbúa sjálfvirk skilaboð þegar flóð fer af stað,“ segir jafnframt í skýrslunni.

Hrein viðbót við ferðaþjónustuna

Athafnamaðurinn Guðmundur Tryggvi Ásbergsson hefur sótt um leyfi til að reisa 20 smáhýsi í Tungudal í Skutulsfirði. Ætlunin er að leigja þau ferðamönnum og er umsóknin til afgreiðslu hjá bæjaryfirvöldum. Blaðamaður hitti Guðmund yfir kaffibolla og forvitnaðist um framtakið.

„Það eru ekki nema 40 hús inni í skógi þannig að við erum að tala um rosalega aukningu. Ég skil alveg að fólk setji varnagla við þetta þar sem Tungudalurinn er nú svolítið hjarta Skutulsfjarðar. En margir eru mjög hrifnir af hugmyndinni. Viðbrögðin hafa eiginlega verið jákvæðari en ég bjóst við.“

Tungudalur er æðislegur staður

Hugmyndin er sú að fólk sjái sjálft um að búa um sig og ganga vel um bústaðina. Þó verður starfsmaður á vegum Guðmundar með yfirumsjón með hlutunum.

„Í raunog veru er hugmyndin sú að þetta verði ekki uppbúið en þar sem ég rek gistiheimili á Suðureyri er hægt að kaupa þá þjónustu aukalega. Þá verður bara búið um þegar fólkið kemur.“

Engin útleiguhús af þessu tagi eru á svæðinu og því telur Guðmundur að það muni auka við flóruna.

„Ég held að þetta verði hrein og klár viðbót við ferðaþjónustuna í bænum. Þetta gæti haft rosaleg margföldunaráhrif þar sem um er að ræða 20 hús sem hýsa kannski fimm manns í einu og leigt er út alla daga vikunnar. Þá erum við að tala um 700 manns á viku sem myndu versla á Ísafirði, borða á veitingahúsum og allt sem því fylgir. Ég sé fyrir mér að þarna kæmi inn ferðafólk sem annars myndi ekki koma og því er ekki verið að taka neitt frá hótelum og gistiheimilum á staðnum. Pælingin er að bjóða fleirum upp á að koma. Annars væri ég náttúrulega að kroppa augun úr sjálfum mér þar sem ég rek sjálfur gistihús.“

Hann bendir á að oft fari hópar saman í sumarbústaði yfir árið hvort sem það eru vinahópar, saumaklúbbar eða hvað sem er. „Sumir vilja ekki draga á eftir sér húsbíla og nenna ekki að sofa í tjöldum og þá verður gott að geta leigt sér hús þar sem maður getur verið í næði í samt í nágrenni við stemmninguna sem myndast oft á tjaldsvæðum. Ég sé jafnvel fyrir mér ættarmót þar sem sumir eru í tjöldum, aðrir í húsbílum og enn aðrir í sumarhúsi. Það vilja samt allir vera þarna því við getum öll verið sammála um að Tungudalur er æðislegur staður. Við eigum að nýta þá kosti sem við eigum á svæðinu.

Ég er einn af þessum sem nenni ekki að draga húsbíl á eftir mér og vil sofa í rúmi en ég vil samt vera með í stemningunni sem myndast oft á tjaldsvæðum því hún er svo skemmtileg. Það er ekkert fyrir alla að sofa í tjaldi. Tala nú ekki um fólk sem er með ung börn.“

Skíðastemning jafnt og sumarsæla

Fyrirhugað er að húsin verði í heilsársleigu sem kæmi sér vel þegar gott skíðafæri er.

„Ef það kæmi nú nægur snjór þannig að gott skíðafæri væri á Ísafirði væri mjög gott að leigja hús þarna. Það væri frábært að geta rennt sér að loknum skíðadegi niður í kofann til að grilla og hafa það notalegt. Það yrði stemning úr því sem hægt er að líkja við fjallakofa. Fólk fer t.d. í skíðaferðir til Akureyrar og því ekki til Ísafjarðar. Þá væri þarna komin aðstaða til að gista á. Þarna er líka kominn nýr vinkill til að lengja ferðamannatímabilið. Og svo má ekki gleyma að þetta væri mjög hentugt fyrir brottflutta Ísfirðinga sem eru að koma í heimsókn og vilja kannski ekki vera með alla fjölskylduna inni á ættingjum.“

Húsin eiga að rísa á svæði sem er innan og vestan við tjaldsvæðið í Tungudal. Aðspurður segist Guðmundur vera tilbúinn að ráðast í framkvæmdir um leið og leyfi fæst.

„Ég vonast til að fá leyfi sem fyrst svo ég geti komið fyrstu húsunum af stað þannig að hægt yrði að leigja þau strax næsta sumar. Ég hef haldið áfram minni vinnu við að hanna húsin og spá í kostnað og fleira. Að mestu leyti er ég því klár í slaginn. Ég hef hugsað mér að byrja á tíu húsum og hefjast handa um leið og ég fæ grænt ljós. Það er rosalega vinna á bak við hvert hús og auðvitað ekki hægt að standa í framkvæmdum í hvaða veðri sem er. En ég vonast til að geta byrjað á jarðvinnunni áður en hávetur-inn skellur á.”

Góðir réttir að hausti

Sælkeri vikunnar býður upp á rækjur í forrétt og steiktan fisk með sósu í aðalrétt. Í eftirrétt er svo dýrindis bláberjaostakaka. Einnig býður hann upp á góða uppskrift að steiktri lifur. „Þar sem það er nú sláturtíð þá er tilvalið fyrir fólkið að prófa þennan rétt svíkur ekki," segir Magnús.

Forréttur

250 g rækja
1 stk rauð paprika
1 stk gul paprika
1 stk græn paprika

Saxið paprikuna ekki of gróft og ekki of fínt. Byrjið á að steikja paprikuna létt upp úr 1 msk af smjöri, 2 msk ólífuolía, bætið síðan rækjunum og blandið létt saman. Borið fram á saltatblaði eða söxuðu Iceberg salati ristuðu brauði og hollandaissósu, sem bragðbætt er með smá karrý og cheyenne pipar á hnífsodd.

Steiktur fiskur

1 kg roðlaus ýsuflök (má vera þorskur eða karfi)
3 dl hveiti
3 stk egg
2 dl rjómi eða mjólk
1 msk sætt sinnep
2 tsk dijon sinnep
1 tsk hvítlauksduft (má sleppa)
½ tsk hvítur pipar eða sítrónu pipar
½ karrý
Salt eftir smekk.

Pískið saman egg, rjóma, sinnep og krydd látið standa smá stund.c.a 5 – 10 mín. Skerið fiskinn í hæfilega bita ekki of stóra. Setjið hveiti í plastpoka og fiskinn með, hristist vel saman. Sturtið fisknum og hveitinu saman við eggjahræruna og blandið vel, látið standa í c.a 15 mín.

Steikið úr olíu á meðalheitri pönnu c.a 3 mín á hvorri hlið. Borið fram með hvítum kartöflum, Jasmin hrísgrjónum, súrsætri sósu og hrásalati.

Góð sósa með fisk

1 msk mayonnaise
1msk sýrður rjómi 10 %
1 msk sweet relish
1 msk sætt sinnep.

Öllu hrært vel saman látið standa smá stund. Geymist vel í ísskáp.

Sælkerinn

Steikt lifur!

1 stk lambalifur
150-160 g beikon
4-5 msk hveiti
6-8 meðalstóra sveppi
1 stk laukur
3 dl matreiðslurjómi
Salt og pipar eftir smekk

Laukur sveppir og beikon skorið í bita og steikt hvert fyrir sig, gott að brúna laukinn vel. Blanda saman að lokinni steikingu og hala volgu.

Lifur skorin í c.a. 1 cm þykkar sneiðar velt upp úr hveiti og steikt upp ú á vel heitri pönnu, gott að setja smá smjörklípu með. Steikja snöggt á báðum hliðum, ekki of lengi. Þegar búið er að steikja alla lifrina er hitinn lækkaður öll lifrin sett á pönnuna. Beikon sveppa og laukblöndunni dreift jafn yfir og matreiðslurjómanum hellt yfir, suðan látin koma upp þá er rétturinn tilbúinn. Passið að sjóða ekki of lengi því þá verður lifrin hörð, en hún á að vera bleik að innan.

Borið fram með kartöflumús og hrásalati. Gott er að gera kartöflumús úr sætumkartöflum. Þær eru skrældar, skornar niður í sirka 2-3 cm skífur og soðnar í létt söltuðu vatni. Þegar þær eru soðnar eru þær pískaðar í sundur og smá smjöri bætt í.

Bláberjaostakaka

Botn:

1 pakki af LU kaffi kexi
Smá klípa af smjöri

Mylja kexið fínt,bætið við smjöri og hnoðið vel saman. Setja kexmylsnuna í botn á kringlóttu bökunarformi og þrýstið vel niður.

Fylling:

3,5 dl rjómi
200 g rjómaostur
100 g flórsykur
150 g bláberjasulta
4 blöð matarlím

Létt þeytið rjóma, leggið matarlímsblöð í bleyti í kalt vatn í c.a 5-10 mín hrærið rjómaost og flórsykur saman í hrærivél og bætið síðan bláberjasultunni saman við. Bræða matarlím í örbylgjuofni eða yfir vatnsbaði og hellið saman við rjómablönduna. Blandið síðan léttþeyttum rjómanum saman við varlega og hellið yfir kexbotninn. Kælið í ísskáp eða frystir.

Hitið 4-5 msk af bláberjasultu og smyrjið þunnri slikju yfir kökuna. Skreytt með þeyttum rjóma og bláberjum.

Ég skora á nágranna minn og listakokk Atla Ottesen á Flateyri.

Sælkeri vikunnar er Magnús Ingi Björgvinsson á Flateyri.

Halldór Halldórsson.

Hreinlegra að loka heilbrigðisstofnunum

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir forsendur í niðurskurði varðandi heilbrigðiskerfið ekki ganga upp. Með 40% niðurskurði í rekstri heilbrigðisstofnunar, sem dæmi er um, segir Halldór að í raun sé verið að leggja hana niður. Vitaskuld sé ekki hægt að reka hana með sama sniði og áður og því verði raunverulega um allt aðra stofnun að ræða. „Mér finnst vanta skýra ákvarðanatöku um að leggja stofnanir niður, það væri hreinlegra en skera svona mikið niður, því með niðurskurðinum er í raun verið að leggja hana niður," segir Halldór um fjárlagafrumvarpið sem lagt var fyrir Alþingi.

Halldór nefnir á að hefði hann, sem bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ, greint skólastjóra grunnskólans frá því, að hann yrði að skera niður um 40%, myndi skólastjórinn auðvitað benda á hann yrði að segja upp 40% bæði starfsfólks og nemenda. Við niðurskurð á síðasta ári, til dæmis í heilbrigðiskerfinu, hafi fita verið skorin af þar sem það var hægt, en hætta sé á að ekki sé mikil fita eftir nú. Því verði skorið inn að beini.

Halldór lýsir yfir áhyggjum yfir fleiru en heilbrigðiskerfinu í þeim mikla niðurskurði sem þjóðin standi frammi fyrir. „Ég hef verulegar áhyggjur af mörgum sveitarfélögum, ekki síst á landsbyggðinni. Mjög er vegið að ýmsum stofnunum, t.d. sýslumönnum, lögreglunni og skattstofum; þetta eru lykilstofnanir í samfélaginu og víða svo smáar að með miklum niðurskurði verður varla hægt að reka þær áfram og stofnanirnar leggjast því af á endanum."

Halldór bætir við að þó vitað sé að árið 2011 verði mjög erfitt, sérstaklega hjá hinu opinbera, en leyfir hann sér að vonast til þess að eftir það liggi leiðin upp á við.

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

Líffræðingur

Náttúrustofa Vestfjarða óskar eftir að ráða líffræðing í fjölbreytt starf með áherslu á sjávarrannsóknir. Starfið verður í starfsstöð Náttúrustofunnar í Vesturbyggð.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist Náttúrustofu Vestfjarða, Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík, eða á netfangið the@nave.is fyrir mánudaginn 1. nóvember.

Nánari upplýsingar veitir Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður, í síma 456 7005 eða 892 6005 eða the@nave.is.

GLÆPAFARALDUR Í EYMUNDSSON

Nýjar og spennandi glæpasögur kr. 1.990,-





Tilboð gilda til 17.10.10

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872